

Fundur skipulags- og samgönguráðs 24. nóvember 2021:

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um áhrif borgarlínu á Hverfisgötu – US210346

Lagt er til að skipulags- og samgöngusvið kanni áhrif á verslun og aðra rekstraraðila ef almenn umferð um Hverfisgötu verði hverfandi með tilkomu borgarlínu. Samgöngustjóra verði falið að leiða þessa vinnu og skila niðurstöðum til skipulags- og samgönguráðs fyrir 15. febrúar 2022.

Greinargerð

Almenn bílaumferð er nú bönnuð á stórum kafla Laugavegs og er stefnt að því að hún verði bönnuð að Hlemmi. Umferð um Hverfisgötu er því mikilvæg fyrir rekstraraðila og viðskiptavini þeirra.

Fyrirhugað er að takmarka mjög almenna bílaumferð um Hverfisgötu með tilkomu borgarlínu. Kanna þarf áætluð áhrif þessara stórfelldu breytinga á rekstarumhverfi í miðborginni. Greina þarf áhrif þessara breytinga í umferðarlíkani, en jafnframt þarf að ræða við rekstraraðila í miðborginni. og hafa ítarlegt samráð um þessar hugmyndir áður en lengra er haldið.